



Aðalfundur Leiknar 2019 Haldinn í Reykjavík fimmtudaginn 9. Maí kl. 13 - 14

fimmtudagur, 9. maí 2019

13:16

Mættir voru á aðalfundinn aðilar frá eftirtöldum fræðsluaðilum.
Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands: Guðrún Lárusdóttir
Fræðslunet Suðurlands: Eyjólfur Sturlaugsson
Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins: Gunnhildur Sveinsdóttir
Fjölmennt: Helga Gísladóttir
Símey: Helgi. Þ. Svavarsson
Framvegis: Ingibjörg Kristinsdóttir

Formaður Leiknar setti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður tilnefndi Helgu Gísladóttur sem fundarstjóra og Helga Þ. Svavarsson sem ritara og var hvorutveggja samþykkt. Að þessu loknu hófst dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður gerðu grein fyrir starfsemi samtakanna sl ár og flutti skýrslu stjórnar (Sjá skýrslu stjórnar á vefsíðu Leiknar). Í máli formanns kom fram sú ósk að endurnýja samstarf Leiknar við Kvasi þannig að halda megi aðalfund Leiknar með vorfundi Kvasis.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör. Reikningar voru undirritaðir af stjórn og kjörnum endurskoðendum, þeim Eyjólf Sturlaugssyni og Valgeiri Blöndal Magnússyni. Tekjur Leiknar á árinu 2018 voru kr. 959.012 (áætlun kr. 965.000) og gjöld kr. 952.329 (áætlun kr. 1.250.000). rekstrarafgangur var 895 en áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 219.000 kr. Eignir í árslok voru kr. 1.163.652. Skýrsla stjórnar miðast við skólaár en fjárhagsár miðast við almanaksár. (Sjá ársreikninga Leiknar á heimasíðu)

3. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Engar athugasemdir voru um skýrslu stjórnar og reikninga. Skýrsla stjórnar og ársreikningar Leiknar voru samþykktir einróma

4. Fjárhags og rekstraráætlun, ákvörðun um árgjöld.

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun Leiknar. Gert er ráð fyrir rekstartapi upp á 17.000,- á árinu 2019. Í máli gjaldkera kom fram að fyrir árið 2019 fékk Leikn Erasmus styrk til námsferða m.a. til Danmerkur og má því gera ráð fyrir talverðum breytingum ár árseikningi 2019. Gert er ráð fyrir að hluti styrksins komi inn og verði nýttur á árinu 2019 en hluti á því næsta. Fundarstjóri þakkaði formanni og gjaldkera fyrir vinnuna sem fór í umsókn styrksins. Tillaga kom fram að hækka árgjaldið upp í 60.000. Tillagan var samþykkt einróma.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur lágu fyrir um lagabreytingar.

6. Kosning formans

Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands gaf kost á sér til formanns. Var hún samþykkt sem formaður með lófaklappi.

7. Kjör stjórnar

Í stjórn Leiknar gefa Helga Gísladóttir, Fjölmennt, Helgi Þ. Svavarsson, SÍMEY áfram kost á sér. Úr stjórn ganga Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ólafur Ástgeirsson Iðan og Guðrún Lárusdóttir LBHÍ Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis er áfram í stjórn.

Inn í stjórn koma Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands, Guðfinna Harðardóttir, Starfsmennt og Sólrún Bergþórsdóttir í Visku. Ný stjórn var kosin einróma.

8. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru Eyjólfur Sturlaugsson og Valgeir Magnússon hjá SÍMEY þeir gefa ekki kost á sér áfram

Kost á sér gefa Ólafur Ástgeirsson og Guðrún Lárusdóttir. Voru þau kosin sem skoðunarmenn reikninga með lófataki

9. Önnur mál.

- Formaður þakkaði Guðrúnu Lárusdóttur fráfarandi gjaldkera og stjórnarmanni Leiknar til margra ára, sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna og færði henni blómvönd.
- Umræða spratt upp varðandi hvort tilefni sé til þess að rýmka skilyrði fyrir aðgöngu að samtökunum. Skorað var á nýja stjórn að taka efnið til umræðu.
- Samstarf við Kvasi var rætt og þar kom fram eindræg ósk um að efla samstarfið.

Fundi slitið kl. 13:55. Fundarritari Helgi Þ. Svavarsson